

Fundargerð aðalfundar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks ses, (BsVest) haldinn í Félagsheimilinu Bolungarvík, 24. maí 2017, kl 10:30.

Mætt voru;

Árneshreppur	Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti.
Bolungarvíkurkaupstaður	Helga Svandís Helgadóttir
Bolungarvíkurkaupstaður	Baldur Smári Einarsson
Bolungarvíkurkaupstaður	Halldóra D. Sveinbjörnsdóttir
Bolungarvíkurkaupstaður	Guðlaug Rós Hólmsteinsdóttir
Bolungarvíkurkaupstaður	Margrét Jónmundsdóttir
Bolungarvíkurkaupstaður	Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri
Ísafjarðarbær	Arna Lára Jónsdóttir
Ísafjarðarbær	Kristján Andri Guðjónsson
Ísafjarðarbær	Nanný Arna Guðmundsdóttir
Ísafjarðarbær	Gunnhildur B. Elíasdóttir
Ísafjarðarbær	Marzellíus Sveinbjörnsson
Ísafjarðarbær	Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og stjórnarmaður BsVest
Kaldrananeshreppur	Finnur Ólafsson, oddviti
Reykholahreppur	Áslaug Guttormsdóttir
Reykholahreppur	Ágúst Már Gröndal
Reykholahreppur	Sandra Rún Björnsdóttir
Reykholahreppur	Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri og stjórnarmaður BsVest
Strandabyggð	Andrea K. Jónsdóttir, sveitarstjóri og stjórnarformaður BsVest
Strandabyggð	Ásta Þórisdóttir
Strandabyggð	Ingibjörg Benediktsdóttir
Strandabyggð	Ingibjörg Emilsdóttir
Súðavíkurhreppur	Pétur G Markan, sveitarstjóri og stjórnarmaður BsVest
Tálknafjarðarhreppur	Eva Dögg Jóhannesdóttir
Tálknafjarðarhreppur	Indriði Indriðason sveitarstjóri og stjórnarmaður BsVest
Tálknafjarðarhreppur	Ásgeir Jónsson
Tálknafjarðarhreppur	Kristinn Hilmar Marinósson
Tálknafjarðarhreppur	Jón Örn Pálsson
Vesturbyggð	Gerður Sveinsdóttir
Vesturbyggð	Magnús Jónsson
Vesturbyggð	Friðbjörg Matthíasdóttir
Vesturbyggð	Gísli Ægir Ágústsson
BsVest	Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri BsVest
BsVest	Sif Huld Albertsdóttir, verkefnastjóri BsVest.

Samtals eru því mættir fulltrúar fyrir sveitarfélög með 22 atkvæði af 22, samkvæmt 10. gr samþykkt BsVest um fulltrúafjölda sveitarfélag á aðalfundi.

Andrea Jónsdóttir, formaður stjórnar BsVest setti fundinn og gerði tillögu um fundarstjóra Jón Pál Hreinsson, bæjarstjóra Bolungarvíkurkaupstaðar og að starfsmenn BsVest riti fundinn. Tillagan samþykkt.

Jón Páll þakkaði traust fundarins.

Fundarstjóri kannaði nú lögmæti fundarins í samræmi við 6. gr samþykktu BsVest. Bar hann fyrst undir fundinn boðun hans, engar athugasemdir komu fram.

Hann kynnti síðan ákvæði 6. gr um að meirihluti aðildarsveitarfélaga miðað við fulltrúafjölda í samræmi við 10. gr, yrði að vera mættur til að fundurinn teldist lögmætur. Samkvæmt mætingarlista þá væri þetta ákvæði uppfyllt. Fundurinn væri því lögmætur og því mætti ganga til dagskrár.

Fundarstjóri kynnti dagskrá fundarins sem er samkvæmt 11. gr samþykktu BsVest.

1. Ársskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.
2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.
4. Starfsáætlun komandi árs.
5. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein þessara samþykktu.
6. Laun og þóknun stjórnar
7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis.
8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.
9. Önnur mál.

Kynnti fundarstjóri að tvö önnur mál væru á dagskrá fundarins og hefðu komið fram í fundarboði

- a. Blönduósbær, í samstarfi með leiðandi sveitarfélagi, upplifun og ferlið að samstarfi. Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar Blönduósbæjar.
- b. Tillaga frá Ísafjarðarbæ. Hafin verði sameiginleg vinna við að skoða breytt fyrirkomulag á rekstri málaflokksins á þjónustusvæði BsVest.

1. Ársskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.

Andrea Jónsdóttir, formaður fór yfir starf stjórnar á liðnu starfsári. Árið hafi einkennst af vinnu við að leita leiða við hagræðingu í rekstri BsVest og félagsþjónustusvæðanna, með engri eða sem minnsti skerðingu á þjónustu við þjónustuþega.

Formaður ræddi síðan samstarf sveitarfélaganna en BsVest hefur starfað samkvæmt núverandi samþykktum frá nóvember 2015. Nú liggja fyrir fundinum tillaga frá Ísafjarðarbæ um breytt fyrirkomulag á starfsemi að málaflokknum. Hún fagnaði þessari umræðu sem væri nauðsynlegt jöfnum höndum því umhverfi breyttist ört .

Formaður þakkaði síðan starfsmönnum fyrir vel unnin störf á erfiðum tímum.

Sif Huld Albertsdóttir, verkefnastjóri fór yfir starfsemi ársins og vísast til skýrslu stjórnar sem er í gögnum fundarins.

2. Ársreikningur 2016.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri, kynnti skýrslu endurskoðanda og skýrslu stjórnar, sem stjórn staðfesti 3. maí 2017. Telja báðir aðilar að ársreikningur skýri rekstrar og efnahagsstöðu BsVest á árinu 2016, vísast til gagna fundarins í þeim efnunum.

Fundarstjóri óskaði umræðu um lið 1 og 2, enginn hvað sér hljóðs.

Fundarstjóri bar þá upp ársskýrslu 2016 og ársreikning 2016 til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri kynnti endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Samanlagt er gert ráð fyrir útgjöldum á grunni mats á þjónustuþörf verkefnahóps BsVest frá í apríl s.l. að fjárhæð **kr 485.405.381,-**, þar af Félagsþjónusta Ísafjarðarbæjar kr. 409.288.637,-, Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps, kr. 49.408.926, Félagsþjónustan við Djúp, kr. 7.612.811,- og Félagsþjónustan Vestur Barð, kr. 5.693.937 og rekstur BsVest kr. 13.401.000,-.

Framlög eru áætluð kr. 437.402.000, þar af framlög Jöfnunarsjóðs kr. 366.602.000,- og framlög sveitarfélaga kr. 70.800.000,-. Rekstarniðurstaða því neikvæð um kr. 48.003.381. Áætlun er lögð fram með fyrirvara um viðbótarframlög Jöfnunarsjóðs og nýjar beiðnir um þjónustuúrræði. Vísast að öðru leiti til gagna fundarins.

Aðalsteinn kynnti síðan áætlun á útgjöldum og á framlögum ársins 2018. Áætluð framlög nema kr. 482.507.926,- en útgjöld kr. 476.472.270,- Vísast að öðru leiti til gagna fundarins.

4. Starfsáætlun ársins.

Sif Huld Albertsdóttir, verkefnastjóri kynnti helstu verkefni í starfsáætlun ársins 2017. Meðal annars sem áætlað er að fara í á árinu 2017, er klára reglur vegna frekari liðveislu og einnig hefur aukist ráðgjafavinna með þjónustusvæðunum, ásamt almennri vinnu við fjárhagsáætlunargerð, yfirfara reglur og samninga. Einnig í lok árs er auglýst eftir styrkumsóknnum vegna styrk til náms, verkfæra og tækjakaupa.

Verkefnastjóri lítur björtum augum á árið 2017, segir að BsVest verður að halda vel á því sem það hefur, sveitarfélögin verða að vinna saman að þessu verkefni og treysta hvort öðru bæði í orði og verki.

Fundarstjóri óskaði nú eftir umræðu um 3. og 4. lið. Til máls tóku;

Gísli Halldór Halldórsson, bar fram fyrirspurn um áætlun á kostnaði BsVest, taldi hann þar laun væru ofáætluð miðað við áframhaldandi 80 % stöðugildi.

Aðalsteinn Óskarsson, svaraði fyrirspurn Gísla og sagði að athugasemd hans væri rétt, laun væru reiknuð sem 100 % staða en ættu að vera 80 %.

Fundarstjóri gaf nú stutt hlé til að leiðrétta áætlunina í samræmi við fyrirspurn Gísla. Aðalsteinn, kynnti leiðrétta áætlun sem hér segir.

Útgjöld á rekstri BsVest lækki sem nemi kr. 1.925.400 og verði kr. 11.475.600, önnur útgjöld haldist óbreytt og útgjöld nemi því samtals fjárhæð **kr. 483.479.981,-**. Framlög verði óbreytt og nemi kr. 437.402.000,-. Rekstarniðurstaða verði því neikvæð um kr. 46.077.981. Áætlun er lögð fram með fyrirvara um viðbótarframlög Jöfnunarsjóðs og nýjar beiðnir um þjónustuúrræði. Vísast að öðru leiti til gagna fundarins.

Fundarstjóri bar nú upp endurskoðaða fjárhagsáætlun 2017 með áorðnum breytingum, áætlun 2018 og starfsáætlun 2017 til samþykktar. Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar og varastjórnar

Fundarstjóri kynnti að í samræmi við 5. gr samþykktu BsVest, þá væri kosið á tveggja ára fresti og síðast hefði verið kosið á árinu 2016, því væri dagskrárliður ekki virkur á þessum aðalfundi.

6. Laun og þóknun stjórnar.

Aðalsteinn kynnti tillögu stjórnar um laun og þóknun stjórnar.

Laun stjórnar og nefnda taki mið af þingfarakaupi eins og það var þann 1. október 2016 kr. 762.940,- hlutföll af þingfarakaupi verði óbreytt frá 1. aðalfundi.

Laun formanns BsVest verði áfram 16 % af kr.762.940 = kr. 122.070 fyrir setinn fund.

Laun stjórnarmanns BsVest verði áfram 8 % af kr. 762.940 = kr. 61.035 fyrir setinn fund.

Greitt skal 2% af þingfarakaupi á ferðadag fyrir stjórnarmann ef farið er í ferð sem ekki fellur að ráðgerðum fundum innan ársins. (kr. 15.256)

Fæðis og dagpeningar greiðast samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni. Sæki stjórnarmaður fund utan síns atvinnusvæðis skal greiða honum sem nemur fæðispeningi fyrir hvern ferðadag. Gisting skal að jafnaði greidd af Byggðasamlagi Vestfjarða.

Gísli Halldór Halldórsson, bar upp breytingartillögu sem hér segir: *Laun formanns verði 8% og aðrir stjórnarmenn þiggi ekki laun fyrir setu í stjórn eða 0 %.* Önnur atriði í tillögu stjórnar standi óbreytt.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um tillögu stjórnar og breytingartillögu.

Til máls tók Andrea Jónsdóttir.

Fundarstjóri bar upp breytingartillögu til atkvæða. Tillagan felld með 12 atkvæðum gegn 9.

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar til atkvæða. Tillagan samþykkt með 13 atkvæðum engin mótaskvæði komu fram.

7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis.

Fundarstjóri kynnti að í samræmi við 5. gr samþykktu BsVest, þá væri kosið á tveggja ára fresti og síðast hefði verið kosið á árinu 2016, því væri dagskrárlíður ekki virkur á þessum aðalfundi.

8. Breyting á samþykktum.

Aðalsteinn Óskarsson, kynnti tillögu um breytingu á 5. gr, dagskrá aðalfundar. Markmið tillögunnar væri að setja ákvörðun um laun stjórnar framur afgreiðslu endurskoðaðar fjárhagsáætlunar.

Tillagan er sem hér segir :

Formaður leggur til eina breytingu á samþykktum BsVest, á 11. grein samþykktu BsVest um dagskrá aðalfundar. Laun og þóknun stjórnar er nú 6. dagskrárlíður en formaður leggur til að færa dagskrárlíð framur í dagskrá aðalfundar og verði 3. dagskrárlíður og munu þá aðrir dagskrárlíðir aðalfundar hliðrast sem því nemur.

Var:

- 1. Ársskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.*
- 2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.*
- 3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.*
- 4. Starfsáætlun komandi árs.*
- 5. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein þessara samþykktu.*
- 6. Laun og þóknun stjórnar**
- 7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis.*
- 8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.*
- 9. Önnur mál.*

Verður:

- 1. Ársskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.*
- 2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.*
- 3. Laun og þóknun stjórnar**
- 4. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.*
- 5. Starfsáætlun komandi árs.*
- 6. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein þessara samþykktu.*
- 7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis.*
- 8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.*
- 9. Önnur mál.*

9. Önnur mál.

- a. Blönduósbær, í samstarfi með leiðandi sveitarfélagi, upplifun og ferlið að samstarfi. Valgarður Hilmarsson, forseti Blönduósbæjar.

Valgarður kynnti samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi vestra í málaflokki fatlaðs fólks, en samstarf hefur verið rekið um langt skeið. Hann kynnti breytingar á samstarfi í málaflokknum en fram til ársins 2016 var rekið sem byggðasamlag. Nú hefur sveitarfélagið Skagafjörður tekið að sér að vera leiðandi sveitarfélag í samræmi við 96. gr sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Rakti hann kosti og galla á fyrirkomulagi þessara tveggja samstarfsheilda og aðdraganda ákvörðunar sveitarfélaga. Taldi hann að náðst hafi fram aukin hagræðing í rekstri án þess að draga úr þjónustu, sveitarfélögin bæru sameiginlega ábyrgð á fjármögnun málaflokksins eins og áður og síðan væri mikilsvert að sami verkefnastjóri leiddi málaflokkinn fyrir og eftir breytingu.

Hann taldi að fyrirkomulag um skiptingu framlaga Jöfnunarsjóðs væri óhagstætt svæðum með dreifðra þjónustu. Þar gætu sveitarfélög á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra staðið saman að berjast fyrir auknum framlögum. Setja yrði þjónustupega í forgrunn í þeirri umræðu, þ.e. rétt þeirra til þjónustu óháð búsetu. Vísast að öðru leyti til kynningarglæra.

- b. Tillaga Ísafjarðarbæjar um breytt fyrirkomulag á samstarfi sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Gísli Halldór Halldórsson, bærarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Gísli kynnti að efni tillögunnar hefði verið til umræðu í stjórn og á samráðsvettvangi sveitarfélaga á Vestfjörðum nú janúar og maí

Tillagan er sem hér segir.

Aðildarsveitarfélög í Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks hefji sameiginlega vinnu við að skoða breytt fyrirkomulag á rekstri málaflokksins á þjónustusvæði BsVest og þá sérstaklega þann möguleika að Ísafjarðarbær verði leiðandi sveitarfélag, með svipuðum hætti og Sveitarfélagið Skagafjörður er fyrir sjö sveitarfélög á Norðurlandi Vestra. Markmið þessarar skoðunar væri að bæta nýtingu fjármuna og þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum. Niðurstaða skoðunar liggja fyrir ekki síðar en fyrir árslok 2017.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um erindi Valgarðs og tillögu Ísafjarðarbæjar.

Til máls tóku.

Ásta Þórisdóttir, Strandabyggð. Beindi fyrirspurn til Valgarðs, Spurðist fyrir um af hverju hann talar um að byggðasamlög væru ólýðræðislegt form, hver er munurinn á því að leiðandi sveitarfélag væri lýðræðislegra en byggðasamlög.

Ásgeir Jónsson, Tálknafjarðarhreppi. Fyrst um tillögu Ísafjarðarbæjar, vildi gjarnan fá kynningu á haustþingi Fjórðungssambandsins. Þar yrði farið yfir stöðu

málsins og hvert stefni ef tillaga Ísafjarðarbæjar verði samþykkt á aðalfundinum í dag. Einnig fyrirspurn til Valgarðs, nægir útsvarsprósentu hvers sveitarfélags á Norðurlandi Vestra til reksturs eða hefur verið óskað eftir aukaframlögum frá sveitarfélögunum.

Pétur G Markan, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. Vildi segja að í ljósi sögunnar á þessu máli þá fagnar hann tillögu Ísafjarðarbæjar og þeirri breytingu sem orðið hefur á henni frá því hún var kynnt í upphafi. Hann telur það ákaflega mikilvægt í gegnum svona stórar breytingar, finni og sjái sveitarfélögin að þau séu að ræða saman um hlutina, en hann lítur svo á að það sé kjarni tillögunnar að setjast niður og ræða málin en það getur tekið tíma. Hann tjáði einnig að hann muni samþykkja þessa tillögu og hvatti hin sveitarfélögin að gera slíkt hið sama, því það gæfi sveitarfélögunum færi á að setjast aftur niður og ræða saman beint um hvort hægt væri að gera betur.

Gísli Halldór Halldórsson, bærstjóri Ísafjarðarbæjar, Til að svara Ásgeir Jónssyni frá Tálknafjarðarhreppi, hann telur það mjög skynsamlegt að kynna leiðir á haustþingi FV.

Kristinn Magnússon, Tálknafjarðarhrepp. Beinir fyrirspurn til Valgarðs. Norðurland Vestra er að horfa á svipaðar vegalengdir og BsVest, hafa einstaklingar verið að flytja til Skagafjarðar til að fá þjónustu.

Valgarður Hilmarsson, forseti bærstjórnar Blönduósbæjar. Fyrst til að svara Ástu Þórisdóttur, Strandabyggð, það sem hann átti við varðandi Byggðasamlag er það að hinn almenni kjósendi kemur ekkert að því hver það er sem standa að byggðasamlagi það eru kjörnir fulltrúar sem gera það, það er í rauninni megin vandamálið.

Til að svara Ásgeri Jónssyni, Tálknafjarðarhreppi, er varðar fjármálalega ábyrgð. Í samstarfi með leiðandi sveitarfélagi treysta sveitarfélögin sér ekki til að setja alla ábyrgð á Skagafjörð, vegna þess að einingarnar eru þar sem útgjöld verða. Ef stefni í að fara í hagræðingu í rekstri, þá verður gerast með sameiginlegri ákvörðun, einnig er ekki skynsamlegt að leiðandi sveitarfélag geti skorið niður eitt og sér. Sveitarfélögin eru vitandi um þá stöðu, að ef illa gengur, þá verði þau að leggja út meira framlag til málaflokksins og sína þannig sameiginleg ábyrgð. Slíkar aðgerðir eru grundvallaðar á umfjöllun samstarfsnefndar.

Einnig taldi Valgarður að Pétur G Markan hafi komið inn á kjarna málsins, passa að tilfinning sveitarfélagana sé góð á niðurstöðuna, það má ekki vera átök um svona rekstur.

Til að svara Kristni Magnússyni, Tálknafjarðarhreppi, varðandi vegalengdir segir hann að það hefur alls ekki orðið svo að einstaklingar hafa verið að flytja á milli sveitarfélaga, skammtímavistun hefur t.d. nýst öllu svæðinu. Nær væri að segja að eftir að sveitarfélögin tóku við málaflöknum þá hefur fólk hætt að flytja í burtu.

Fundarstjóri bar upp tillögu Ísafjarðarbæjar. Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri sagði nú dagskrá aðalfundar tæmda, þakkaði hann fundarmönnum fyrir góðan og málefnalegan fund. Óskaði hann heimildar fundarins að starfsmenn BsVest og fundarstjóri lykju fundargerð og gaf fundarstjóri formanni BsVest orðið.

Andrea Jónsdóttir, formaður stjórnar, þakkaði fyrirlesara fyrir hans innlegg og fundarmönnum fyrir málefnalegum umræðum og sleit fundi kl:12:25

Jón Páll Hreinsson

Aðalsteinn Óskarsson / Sif Huld Albertsdóttir

fundarstjóri

fundarritarar